

SKÝRSLA STJÓRNAR

Aðalfundur LTFÍ 18. júní 2009.

Fundarstjóri, settur umsjónaraðili, starfsfólk NBI, sjóðfélagar.

Mér telst til að þetta sé í 23. sinn sem ég flyt skýrslu stjórnar LTFÍ á aðalfundi sjóðsins. Ég verð að segja að þetta er í fyrsta sinn sem ég hefði viljað vera annars staðar en hér. Það helgast af aðstæðum sem allir þekkja. Árið 2008 var erfiðasta ár í sögu íslenskra lífeyrissjóða frá upphafi en íslenska lífeyrissjóðakerfið er 40 ára um þessar mundir. Það var 1969 sem kjarasamningar voru undirritaðir á almennum vinnumarkaði sem fólu í sér stofnun lífeyrissjóða með aðildarskyldu. Þó voru starfandi nokkrir lífeyrissjóðir fyrir þetta ár þ.á.m. LTFÍ en hann var stofnaður 28. júlí 1959 og verður því fimmtugur eftir rúman mánuð. Starfsemi íslenskra lífeyrissjóða hefur verið þjóðinni til mikilla heilla og hefur Ísland verið hér í fararbroddi meðal þjóða heims. Svo vikið sé aftur að árinu sem var að líða, þá leyfi ég mér að segja að hrun þriggja stóru viðskiptabankanna er það skelfilegasta og afdrifaríkasta sem íslenskt efnahagslíf hefur nokkurn tímann mátt þola. Afleiðingarnar koma sífellt betur og betur í ljós, gjaldprot fyrirtækja og einstaklinga, stóraukið atvinnuleysi, gengisfall krónunnar, hækkun skulda, rýrnun eigna, lífsgæðaskerðing þjóðarinnar osfrv. Verst er að það mun taka mörg ár fyrir þjóðina að vinna sig út úr þessu og ástandið á eftir að versna talsvert áður en það skánar. Aðdragandinn að bankahruninu var ekki langur. Þó voru blikur á lofti allt frá miðju ári 2007 á erlendum fjármálamörkuðum sem hafði áhrif hér og sést í fremur slakri ávöxtun okkar sjóðs og annarra sjóða 2007. Löngu fyrir hrúnið í októberbyrjun var ljóst að árið 2008 yrði í slöku meðallagi hjá lífeyrissjóðunum þar sem innlend og erlend hlutabréf héldu áfram að lækka fyrstu mánuði ársins. Það var þó ekki fyrr en á síðustu dögum fyrir hrun að mann grunaði hvílík ragnarök væru í vændum enda voru forsætisráðherra og aðrir ráðamenn búnir að vera með reglulegar yfirlýsingar mánuðum saman um að allt væri í himnalagi í bönkunum en ef allt skyldi nú fara á versta veg hjá þeim blessuðum þá mundi ríkið koma til bjargar. Við vitum hvernig fór.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að meðalraunávöxtun lífeyrissjóða í fyrra hafi verið -21,5% og er þetta langsamlega versta útkomu frá upphafi mælinga lífeyrissjóðakerfisins. Lækkunin er hins vegar enn meiri í reynd því að margir ef ekki flestir sjóðir hafa kosið að dreifa tapinu á fleiri ár en 2008 og telja fram eignir sem eru of hátt verðlagðar. Af hverju er þetta gert? Fyrst og fremst til að þurfa ekki að skerða réttindi sjóðfélaga meira en gert er. Auðvitað er það óréttlátt gagnvart þeim sem ekki eru komnir á lífeyrisaldur. Ég er hræddur um að stóraukin réttindaskerðing komi fram síðar. LTFÍ getur ekki verið með svona hundakúnstir og hefur til að mynda fært niður skuldabréf fyrirtækja meira en aðrir sjóðir. Sjóður sem er 87% séreignarsjóður og 13% sameignarsjóður verður að vera rétt metinn á hverjum tíma. Við greiðum langmest út úr peningaeign sjóðfélaga en ekki vegna réttindastiga þeirra. Flestir aðrir sjóðir eru að langstærstum hluta sameignarsjóðir með tiltölulega litla séreign. Ég

ætla ekki að fara frekar út í ávöxtun og fjárfestingar því að Halldór Kristinsson mun vera með kynningu um þau mál hér á eftir. Vil ég jafnframt benda sjóðfélögum á skýrslu stjórnar sem er á tveimur stöðum í ársreikningi á undan séreignardeildarhluta og svo sameignardeildarhluta. Koma þar fram atriði sem ég er ekki að endurtaka hér.

Það hefur víst ekki farið framhjá neinum að Fjármálaráðuneytið að tillögu FME setti stjórnir 5 lífeyrissjóða í vörslu NBI af þann 17. mars sl. Var þetta gert vegna rangra skýrslna til FME frá sjóðunum um fjárfestingar vegna 1. og svo 2. ársfjórðungs 2008. Í stuttu máli þá voru sjóðirnir sakaðir um að hafa farið yfir mörk sem sjóðirnir verða að vera undir í bréfum einstakra fyrirtækja. Bankinn tók ábyrgðina á sig strax og sagði að um mannleg mistök hafi verið að ræða og uppbyggingu excelskjals sem var notað við skýrsluvinnu til FME hefði verið ábótavant og til að mynda voru hlutabréfaeignir í undirliggjandi sjóðum ekki teknar með í samtölu eigna á einstaka útgefendur við útreikninga. Það er með ólíkindum að þetta hafi komist framhjá þeim varnögglum sem áttu að grípa þetta en svona fór. Reyndar var einnig ágreiningur um útreikninga FME á stöðu lífeyrissjóðanna. NBI vildi meina að FME tæki ekki tillit til afleiðusamninga og skulda undirliggjandi sjóða þannig að FME væri að reikna frávikin meiri en þau væru í raun. Þannig að mál sem var villa Landsbankans gamla og síðan ágreiningur NBI og FME varð til þess að á fjórða tug stjórnarmanna voru settir af sem komu ekkert nálægt þessu máli og vissu ekkert af því fyrr en löngu seinna. Málið var að því að ég best veit að fullu upplýst þegar umsjónarmaður tók við af stjórn þann 17. mars. Sú ákvörðun að vísa málum til sérstaks saksóknara og skipa sjóðunum umsjónaraðila virðist, svo ég noti lágstemmd orð, úr takti við málavexti. Þessi ákvörðun var fyrirvaralaus. Ég heyrði þetta frá kunningja mínum sem hringdi í mig eftir að hann heyrði þetta í útvarpsfréttum. Stjórnsýslulög hafa hér líklega verið brotin. Þannig var andmælaréttur sannarlega ekki virtur, rannsóknarregla ekki virt og ákvörðunin ekki rökstudd fyrr en löngu seinna eftir kröfu lögmanns eins af lífeyrissjóðunum fimm. Ég vil láta þess getið að enginn stjórnarmaður lífeyrissjóðanna hefur nokkurn tímann verið yfirheyrður vegna málsins. Það virðist sem sagt lítið þúður vera í þessu máli og fyrir liggur að sjóðnum verði skilað til okkar á næstu dögum. Ég vil meina að ef einhver hefði átt að vera sviptur einhverju þá átti að taka sjóðina frá NBI og láta stjórnirnar í friði. Ég hef verið í sambandi við stjórnarformenn hinna sjóðanna nokkrum sinnum frá 17. mars og við vitum að sjóðirnir hafa skaðast við þessa ákvörðun FME, að einhverju leyti fjárhagslega en verra er að ímynd þeirra hefur skaðast líka, að ég minnst nú ekki á mannorðsmorðin á stjórnarmönnum. – Þetta mál hefur þó eina upplýsandi hlið. Ástæðan fyrir því að allir lífeyrissjóðir í vörslu Landsbankans á fyrri helmingi árs 2008 lenda í þessu máli er vegna þess að þeir eru allir reknir nokkurn veginn eins. Fjárfestingastefna og fjárfestingar eru copy-paste á milli þeirra. Í 15 ár höfum við verið í mjög ódýrum rekstri hjá Landsbankanum og hefur það gengið vel þangað til í fyrra. Það hefur margkomið fram á aðalfundum gegnum árin að við erum reknir í gegnum sjóðakerfi bankans. Enginn hefur mótmælt því með minnsta pípi fyrr en nú. Þannig eru hinir sjóðirnir reknir líka og eru heildareignir lífeyrissjóðanna fimm yfir 50 milljarðar og sjóðfélagar yfir 30.000. Ég vil bara benda á þetta fyrir þá

sjóðfélaga sem hafa haldið því fram að okkar sjóður hafi verið sérlega illa rekinn og við óvenjuvitlausir í stjórninni. Hvort tveggja tel ég rangt.

Að lokum vil ég koma inn á framtíð sjóðsins. Ég hef persónlega verið lengi þeirrar skoðunar að sjóður okkar sé of lítill til að það borgi sig að reka hann áfram. Sjálfstætt starfandi lífeyrissjóðir eru ca. 25 í landinu og erum við langminnstir. Eignir sjóðsins eru 2,3 milljarðar og greiða í sjóðinn 130 aðilar mánaðarlega. Hefur þeim fækkað frá 155 í fyrra. Sjóðurinn er það lítill að hann starfar á undanþágu frá ráðuneytinu. Mér hefur verið ljóst alveg frá falli bankanna að við ættum trúlega varla eftir nema takmarkaðan tíma innan NBI. Við stjórnin fórum í leiðangur strax eftir áramót og heimsóttum nokkur fjármálafyrirtæki og tvo lífeyrissjóði. Ræddum við um rekstur á sjóðnum við fjármálafyrirtækin og rekstur og/eða sameiningu við lífeyrissjóðina. Greinilegt var að rekstrarkostnaður sjóðsins mundi aukast mjög mikið við flutning sjóðsins. Kostnaður sem fór flest árin hjá LB ekki yfir nokkur hundruð þúsund krónur var í tilboðunum um og yfir 20 milljónir króna. Þar að auki höfðu fjármálafyrirtækin ekki rekið lífeyrissjóð áður og þurft að eiga samskipti við sjóðfélaga. En þau sögðust vera fljót að læra. Almenni og Frjálsi kunna þetta hins vegar allt. Það mundi hins vegar kosta skildinginn að láta þá reka sjóðinn, en sameining var ekkert mál og lítill kostnaður henni samfara. Þriðji sjóðurinn sem kom til greina var Íslenski lífeyrissjóðurinn en hann var þá sjálfur í viðræðum við Almenna sjóðinn um sameiningu. Það sem felldi Frjálsa í okkar augum voru völd Kaupþings yfir honum. Almenni fór frá Íslandsbanka og teljum við hann okkar besta kost. Við eigum ekki að vera í bankakerfinu með lífeyrissjóði landsmanna lengur. Það eiga ekki að koma upp tilvik þar sem einhver getur spurt: Fóru hagsmunir rekstraraðilans saman við hagsmuni sjóðsins og ef svo er ekki, var farið í málið með hagsmuni sjóðsins í huga? Eina leiðin til að svo verði er að sjóðurinn sé sjálfur rekstraraðilinn. Þetta kallar á enn færri og stærri sjóði. Því er nú spáð að eftir örfá ár verði flestir lífeyrissjóðir horfnir og efir standi 5-8 risasjóðir. Það sést nú þegar tilhneigingin í þessa átt en 3 stærstu lífeyrissjóðirnir eiga helming allra eigna sjóðanna.

EFÍA og Lífeyrissjóður verkfræðinga stefna í sameiningu við Almenna og Íslenski jafnvel síðar. Ég tel að Almenni sjóðurinn sé okkar eini kostur og ganga megi frá þessu í haust og alla vega fyrir áramót. Mikilvægt er að ná góðum samningi og meta eignir sjóðanna sem réttast. Matið er það sem er erfiðast. Uþb. 20% af eignum okkar sjóðs er erfitt að setja verðmiða á. Almenni er með slíkar eignir líka eins og allir aðrir sjóðir. Við reynum að sjálfsögðu að fá sem best mat á eignum okkar. Ég trúir og reyndar veit að Almenni vill fá okkur og gerir við okkur gott samkomulag. - Ég hef verið í stjórn og stjórnarformaður sjóðsins í 23 ár. Það er langur tími. Hef ég verið að íhuga að hætta frá því að ég sá að 20 ára stjórnarformennska var farin að nálgast. Þegar Gísli Vilhjálmsson hætti fyrir þremur árin þá munaði hársbreidd að ég færi með honum. Hér í dag ætlaði ég að segja af mér eða réttara sagt að taka ekki við sjóðnum aftur á næstu vikum, en ég hef verið beðinn um að endurskoða þessa ákvörðun. Ég hef samþykkt það og mun halda áfram í stjórn til að vera í viðræðum við Almenna um hugsanlega sameiningu sjóðanna í haust. Við gætum hugsanlega klárað þetta mál fyrir októberlok.

Ef ekki gengur þá verður sjóðurinn okkar líklega áfram í NBI um sinn. Vegna smæðar getur hann getur ekki farið frá bankanum nema hann geri örorkusamkomulag við stóran lífeyrissjóð. Þeir sjóðir sem koma til greina fyrir slíkt eru einungis örfáir. Eins þarf LTFÍ að skipa og greiða laun fyrir endurskoðunarnefnd vegna nýsamþykkrara laga og sem eykur rekstrarkostnað talsvert. Önnur föst gjöld svo sem endurskoðun, eftirlitsgjöld og tryggingafræðileg úttekt lenda einnig hlutfallslega miklu þyngra á litlum sjóðum. Ég hef ákveðið að hætta í stjórn þegar sameiningar viðræðum sjóðanna lýkur hvort sem að þær eru jákvæðar eða ekki. Það verður í síðasta lagi um áramótin en væntanlega miklu fyrr.

Þetta er semsagt í síðasta sinn sem ég flyt skýrslu stjórnar. Í gegnum tíðina hef ég starfað með mörgu góðu fólki að málefnum LTFÍ og vil ég þakka því öllu. Ég vil jafnframt þakka Viðari Lúðvíkssyni umsjónaraðila sjóðsins síðustu 3 mánuði. Hann hefur staðið sig vel í erfiðri stöðu.

Björn Ragnarsson